



Framkvæmdaleyfi fyrir Brúarvirkjun

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. febrúar sl. umsókn HS Orku, dags. 17. janúar 2018, um framkvæmdaleyfi fyrir Brúarvirkjun. Um er að ræða allt að 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum, nánar tiltekið á svæðinu frá frístundabyggð ofan Þjóðveggar austan við Geysi í Haukadal og upp að landamörkum Brúar og Hóla. Ráðgerð efnistaka nemur alls um 215.000 m³ og haugsetning er áætluð um 150.000 m³. Leyfið er veitt með vísan í 13. og 14. grein skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Umrædd framkvæmd er matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er fyrirbyggjandi álit Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, dags. 20. september 2016, ásamt matsskýrslu framkvæmdaraðila, dags. 16. júní 2016. Framkvæmdin er að mati sveitarstjórnar í samræmi við aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012 og deiliskipulag Brúarvirkjunar í Tungufljóti og álit Skipulagsstofnunar.

Niðurstaða álits Skipulagsstofnunar er að matsskýrsla HS Orku uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 20. grein reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að áhrif á áskýnd og landslag fyrirhugaðra framkvæmda verði talsvert neikvæð, áhrif á gróður verði staðbundið talsvert neikvæð og að óvissa ríki um áhrif á fugla og þá einkum straumendur. Áhrif á aðra umhverfisþætti s.s. landnotkun, hljóðstig og ónæði, jarðmyndanir og vatnalíf verða minni, eða nokkuð neikvæð til óveruleg. Ekki á að vera hætt á að fornleifum verði raskað að því gefnu að farið verði eftir tilmælum Minjastofnunar Íslands. Þá lagði Skipulagsstofnun til að sett yrðu skilyrði um endurheimt votlendis og birkikjarrs og að afdrif straumandar yrðu vöktuð.

Vakin er athygli á því að ákvörðun sveitarstjórn um veitingu framkvæmdaleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu þessarar auglýsingar um leyfið, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Umsókn um framkvæmdaleyfi, greinargerð og fylgigögn eru aðgengileg á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, www.utu.is.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
petur@utu.is